

Nr. 051 / 11 Baldur**Tók niðri á Breiðafirði**

Skipaskr.nr. 2727
Smíðaður: Þýskalandi 1970, stál
Stærð: 925,1 brl. 1369,4 bt.
Mesta lengd: 63,25 m Skráð lengd: 58,72 m
Breidd: 12 m Dýpt: 3,8 m
Vél: M.A.K. 1836 kW, 1970
Fjöldi skipverja: 7
Fjöldi farþega: 59



Baldur ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 30. apríl 2011 var Baldur á siglingu með farþega við Suðureyjar á Breiðafirði. Veður: NV 3-5 m/s og sjólaust. SV straumur, um 1 sml. á klst.

Þegar skipið var stöðvað í sundinu milli Stakka og Ábætur lagðist það með bakborðssíðuna rólega utan í klett sem var neðansjávar við Ábætur. Enginn leki fannst eftir ítarlega lekaleit og var ferðinni þá haldið áfram.

Kafað var við skipið daginn eftir og fundust þá nokkrar óverulegar dældir á afmörkuðu svæði á bolnum en sú stærsta var um 30 x 40 sm og ca. 4 sm djúp undir tankaþilfari.

Við rannsókn kom fram:

- að skipið var í skoðunarferð í forföllum annars skips í eigu útgerðarinnar;
- að samkvæmt öryggiskerfi skipsins fór áhöfnin yfir atvikið og var niðurstaða hennar sú að árvekni skipstjóra, ásamt annarri varðstöðu, hefði verið ófullnægjandi. Fram kom að skipstjóri hefði ekki verið með fulla athygli þar sem hann var að lýsa umhverfinu fyrir farþegum og að misskilningur hafi átt sér stað á milli hans og yfirstýrimanns um hvað sá síðarnefndi átti að hafa sérstakar gætur á fyrir hann.

Nefndarálit:

Nefndin tekur undir niðurstöðu áhafnar um ófullnægjandi árvekni og varðstöðu skipstjóra.

Þá telur nefndin að skipstjórnendur eigi ekki að sinna leiðsögn samhliða siglingu skipa við varhugaverðar aðstæður.